

Nd.

343. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt efni þess á þrem fundum. Á fundunum mætti auk nefndarmanna Jónas Haralz ráðuneytisstjóri, og einn fundinn sat Gylfi Þ. Gíslason viðskiptamálaráðherra. Veittu þeir nefndinni upplýsingar og skýrðu einstakar greinar frumvarpsins.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Undirritaðir nefndarmenn telja, að verzlunarfrelsi það, sem stefnt er að með frumvarpinu, muni verða alþjóð til hagsbóta og sé því veigamikill þáttur í viðreisnaráformum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt, þar sem fjárfestingarhömlur eru felldar niður með frv., að felld séu úr gildi lagaákvæði, sem banna að nota íbúðarhúsnæði til annars en íbúðar og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 14. gr. Á eftir orðunum „fjárfestingarmála o. fl.“ bætist: lög nr. 10 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Alþingi, 27. apríl 1960.

Birgir Kjaran,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Jóhann Hafstein.